

Athugasemdir frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra við **Frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir**. Frá félags- og jafnréttismálaráðherra.

Valgerður Stefánsdóttir 9.5.2017

Almennar athugasemdir

Árið 2011 voru sett ný lög nr 61 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Með þeirri lagasetningu færðist lagaleg sýn á döff fólk frá sjónarhorni læknisfræði og umönnunar til sjónarhorns um tungumál og aðgengi. Í 13. gr. laga nr. 61/2011 segir: „Íslenskt táknmál er jafnréttihátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota.“ Þá segir einnig að ríki og sveitarfélög skuli tryggja að allir sem þessa þurfa eigi kost á þjónustu á íslensku táknmáli. Ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á því að varðveita íslenskt táknmál, þróa það og stuðla að notkun þess.

Réttur fólks sem reiðir sig á íslenskt táknmál til samskipta, döff fólks, verður því ekki lengur skýrður í lögum út frá fötlun heldur tungumáli. Sú skylda er lögð á stjórnvöld að þau sjái til þess að heyrnarskertur eða heyrnarlaus manneskja geti átt samskipti og haft aðgang að þjónustu samfélagsins, til jafns á við aðra, á íslensku táknmáli. Íslenskt táknmál er annað mál en íslenska en jafnréttihátt íslensku til samskipta.

Í hópi döff fólks eru fatlaðir einstaklingar á sama hátt og í samfélagi íslenskunnar.

Ekki hefur verið lagt fé í að tryggja rétt döff fólks, sem málminnihlutahóps, þannig að fullnægjandi sé. Í *lögum um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir* er gert ráð fyrir að stefnan eigi einnig við um fólk sem er dauflint, heyrnarlaust eða heyrnarskert en hvergi gert ráð fyrir að mæta þörfum þeirra fötluðum eða ófötluðum. Því er rétt að benda á eftirfarandi:

Athugasemdir og viðbætur eru aðgreindar með feitu letri:

I. KAFLI

Markmið og skilgreiningar.

2. gr.

Skilgreiningar.

1. *Fötlun*: Afleiðing skerðinga og **sambættra skerðinga eins og dauflindu** og hindrana af ýmsum toga sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.

Skilgreiningu vantar á snemmtækri íhlutun

(sbr. Snemmtæk íhlutun er samræmd og heilstæð þjónusta við fjölskyldur barna með skerta heyrn á aldrinum 0- 3 ára þar sem unnið er eftir samræmdri námskrá eða nálgun. Ráðgjöfin til fjölskyldnanna er af ýmsum toga, en mikilvægasti hluti er

málörvun á íslensku táknmáli og íslensku og þróun samskipta. Hún er fjölskyldumiðuð og allir fjölskyldumeðlimir eru þátttakendur.)

3. gr.

Réttur til þjónustu.

Fatlað fólk skal eiga rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Ávallt skal veita fötluðu fólki þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði félagsþjónustu, húsnæðismála, menntunar, , vinnumarkaðar, öldrunarþjónustu, heilbrigðisþjónustu og **lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.**

II. KAFLI

Stjórn og skipulag.

5. gr.

Ábyrgð og samvinna sveitarfélaga.

Viðbót:

Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, þ.m.t. gæðum þjónustunnar. Sérstök ástæða er til að benda á skyldur *ríkis og sveitarfélaga* og stöðu íslensks táknmáls. Sveitarfélög skulu tryggja að ekki sé mismunur í framkvæmd þjónustu við döff fólk og dauflint með tilliti til tungumáls. Ríki og sveitarfélög skulu tryggja að allir sem þess þurfa eigi kost á þjónustu á íslensku táknmáli. Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á því að varðveita íslenskt táknmál, þróa það og stuðla að notkun þess. Íslenskt táknmál er jafnréttihátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota.

III. KAFLI

Þjónusta.

8. gr.

Stoðþjónusta.

Fötluðu fólki skal standa til boða stoðþjónusta sem er nauðsynleg þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar þannig að það standi til jafns við aðra og komið verði í veg fyrir félagslega einangrun þess.

Viðbót:

Sveitarfélög skulu tryggja að allir sem þess þurfa eigi kost á þjónustu á íslensku táknmáli (13. gr. laga nr. 61/2011).

4. Þarfir fatlaðra barna fyrir umönnun og þjálfun ásamt nauðsynlegri þjónustu við fjölskyldur þeirra svo að þær geti búið börnunum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði.

Viðbót:

Hver sem hefur þörf fyrir táknmál skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða dauflinda hefur greinst. Sama rétt eiga nánustu aðstandendur (3. gr. laga nr. 61/2011).

9. gr.
Búseta.

Viðbót:

Döff fólk með þroskahömlun eða einhverfu á rétt á því að að allir tali íslenskt táknmál á heimilum þess.

10. gr.
Notendasamningar.

Viðbót:

Þegar samningur er gerður við fólk sem er daufblindt eða táknmálstalandi er tryggt að innihald samningsins sé túlkað og rætt á máli og miðlunarhætti sem einstaklingurinn notar.

11. gr.
Notendastýrð persónuleg aðstoð.

Viðbót:

...Aðstoðin skal um leið vera heildstæð og veitt á íslensku táknmáli fyrir döff notendur eða þeim miðlunarhætti íslensku eða íslensks táknmáls sem daufblindir einstaklingar reiða sig á til samskipta.

IV. KAFLI Þjónusta við fötluð börn og fjölskyldur þeirra.

13. gr.
Almennt.

Viðbót:

Í tilviki barna sem reiða sig á íslenskt táknmál til samskipta (döff barna) verður að tryggja að allar aðgerðir hafi að leiðarljósi að þau þurfa á málsamfélagi íslensks táknmáls að halda til þess að öðlast fullan þroska, menntun og lífsgæði. Þau þurfa menntun sem veitt er á íslensku táknmáli og námsefni á íslensku táknmáli auk þjónustu táknmálstúlka.

Fjölskyldur döff barna og daufblindra skulu fá þjónustu í formi snemmtækrar íhlutunar og áframhaldandi ráðgjafar og táknmálskennslu til þess að döff börn þeirra geti notið réttinda sinna og lífsgæða til fulls og jafns við aðra.

15. gr.
Stuðningsfjölskyldur.

Viðbót:

Börn sem reiða sig á íslenskt táknmál til samskipta eiga rétt á málörvunarfjölskyldu eftir því sem þörf krefur. Dvöl fatlaðs barns hjá málörvunarfjölskyldu skal bundin í samningi og miðast við ákveðið tímabil.

18. gr.
Sumardvöl.

Viðbót:

Boðið skal upp á sérstaka sumardvöl fyrir döff börn og daufblind. Skulu þau eiga rétt á táknmálstúlkun ef ekki er unnt að veita þeim sumardvöl á íslensku táknmáli.

19. gr.
Þjónustuteymi.

Þegar barn þarf sérhæfða og mikla þjónustu margra þjónustukerfa, svo sem félagsþjónustu, barnaverndar, heilbrigðisþjónustu, **þjónustu vegna máltöku á íslensku táknmáli** og sérfræðiþjónustu skóla, hvort sem er vegna fötlunar, raskana eða langvinnra sjúkdóma, skulu viðkomandi aðilar mynda þverfaglegt þjónustuteymi undir forystu félagsþjónustunnar eða skóla sem hefur það hlutverk að útfæra þjónustu við barnið, hafa samráð um þjónustuna og tryggja samfellu og gæði hennar.

V. KAFLI
Atvinnumál.

22. gr.
Almennt.

Viðbót:

Hér vantar algerlega ða gera grein fyrir stöðu daufblinds fólks og döff fólks á vinnumarkaði og hverjum ber að greiða fyrir táknmálstúlkun í atvinnulífi.

24. gr.
Vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta.

Viðbót:

Ríkið skal starfrækja vinnustaði fyrir verndaða vinnu, hæfingu og dagþjónustu fyrir fólk með fötlun sem er döff eða daufblint þar sem því stendur til boða þroska-, iðju- og starfsþjálfun á íslensku táknmáli eða þeim miðlunarhætti máls sem það notar.

25. gr.
Styrkir.

Sveitarfélögum er heimilt að veita fötluðu fólki styrki eða fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:

3. Styrk til greiðslu túlkakostnaðar erlendis (til dæmis á sumarbúðir fyrir daufblint fólk).

VI. KAFLI
Stjórnendur og starfsfólk.

26. gr.
Hæfi starfsmanna.

Viðbót:

Þar sem döff fólk eða daufblint dvelur við leik eða störf skal menntað starfsfólk hafa færni í íslensku táknmáli sem miðast a.m.k. við B2 í evrópska tungumálarammanum.

Greinargerð.

Um allar greinar frumvarpsins gildir að taka þarf tillit til þess að íslenskt táknmál er jafnréttihátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota. Ríki og sveitarfélög skulu tryggja að allir sem þess þurfa eigi kost á þjónustu á íslensku táknmáli. Ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á því að varðveita íslenskt táknmál, þróa það og stuðla að notkun þess (úr 13. gr. laga nr 61/2011).

Í hópi döff fólks eru fatlaðir einstaklingar á sama hátt og í samfélagi íslenskkunnar.

Ekki hefur verið lagt fé í að tryggja rétt döff fólks, sem málminnihlutahóps, þannig að fullnægjandi sé. Afleiðingin af því að mæta ekki grunnþörfum döff barna, eins og að tryggja þeim eðlilega máltöku, getur í mörgum tilvikum haft í för með sér fötlun fyrir börnin sem koma hefði mátt í veg fyrir. Í lögum um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir er gert ráð fyrir að stefnan eigi einnig við um fólk sem er dauðblind, heyrnarlaust eða heyrnarskert en í lögnum er ekki gert ráð fyrir að mæta þörfum þeirra fötluðum eða ófötluðum.

2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Margt hefur breyst á þeim rúmu 20 árum sem liðin eru síðan lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um málefni fatlaðs fólks voru sett, þau fyrri árið 1991 og þau seinni árið eftir. Hugmyndafræðin að baki þjónustunni hefur breyst sem og notendahópurinn. Verkefni sveitarfélaganna hafa aukist og breyst, til að mynda þegar þau tóku yfir þjónustu við fatlað fólk árið 2011 og ábyrgð sveitarfélaganna jókst. Ný lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls tóku sömuleiðis gildi árið 2011 og lögðu skyldur á ríki og sveitarfélög um að tryggja að allir sem þess þurfa eigi kost á þjónustu á íslensku táknmáli. Réttindi sem eru til umfjöllunar í lögum þessum eiga því að gilda um notendur hvort sem þeir reiða sig á íslensku eða íslenskt táknmál til samskipta.

.....

Í stað þess að kveða á um að tilteknir þjónustuþættir stæðu öllum sem tilheyrðu ákveðnum hópum til boða var lögð áhersla á að meta einstaklingsbundnar þjónustuþarfir. Í tilvikum döff fólks þarf þó að virða þarfir þeirra til þess að vera saman og mynda táknmálssamfélag þar sem allir tala táknmál. (Sbr Samning um réttindi fatlaðs fólks þar sem stendur að eigi að „auðvelda fötluðu fólki að læra táknmál og stuðla að samsemd heyrnarlausra með tilliti til tungumáls,“ bls. 15)

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var undirritaður fyrir Íslands hönd árið 2007 og fullgiltur 24. september 2016.

Viðbót:

Í 30. gr. samningsins kemur fram að fatlað fólk skal eiga rétt á, til jafns við aðra, að sérstök menningarleg samsemd þess og samsemd með tilliti til tungumáls sé viðurkennd og njóti stuðnings, þ.m.t. táknmál og menning heyrnarlausra.

4. *Atvinnumál fatlaðs fólks.*

Hér þarf að gera ráð fyrir viðbótarfjármagni upp á a.m.k. 30 milljónir króna vegna túlkunar í atvinnulífi fyrir döff og daufblint fólk.

Um IV. kafla.

Í kaflanum er fjallað um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra.

Hér vantar nánari umfjöllun um snemmtæka íhlutun vegna máltöku barna sem eru heyrnarlaus, heyrnarskert eða með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu.

Um 13. gr.

Hér vantar að vísa í lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls í því skyni að áréttu rétt döff barna og fjölskyldna þeirra til nauðsynlegrar þjónustu sem er grundvöllur þess að þau geti notið mannréttinda og möguleika sinna á við önnur börn.

Í 3. gr. laga nr. 61/2011 segir:

„Íslenskt táknmál er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra. Skulu stjórnvöld hlúa að því og styðja.

Hver sem hefur þörf fyrir táknmál skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða daufblinda hefur greinst. Sama rétt eiga nánustu aðstandendur“.

Um 14. gr.

Í greininni er áréttað mikilvægi þess að grípa inn í þegar rökstuddur grunur vaknar um röskun eða skerðingu. Þarna vantar að áréttu að ef um skerðingu á heyrn er að ræða á hver sá sem hefur þörf fyrir táknmál kost á að læra og nota íslenskt táknmál, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða daufblinda hefur greinst. Sama rétt eiga nánustu aðstandendur

Um 15. gr.

Í greinina vantar að áréttu að í tilviki heyrnarlausra barna er stuðningurinn falinn í að eiga rétt á málörvunarfjölskyldu, sem hefur sérþekkingu á máltöku á íslensku táknmáli, og sem talar táknmál í samskiptum sínum heima við.

Um 42. gr.

Í samráði við atvinnuleitanda, er lagt til að við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist heimild til að óska umsagnar táknmálstalandi sérfræðings í málefnum döff fólks og sérfræðings í málefnum daufblindra einstaklinga.

(B-liður 1. tölul.)

Lagðar eru til breytingar á 7 gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir er snúa að framkvæmd umsókna um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum. Lagt er til að heimilt verði að leggja inn umsókn í rafrænu formi á íslensku táknmáli eða fá aðstoð táknmálstúlks við útfyllingu á umsókn.